

Dagskrá Iðunnar vorið 2021

Kvæðalagaæfingar og fundir verða í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi ef sóttvarnareglur leyfa.

Söngvökur verða í Gröndalshúsi við Fischersund.

Félagar eru hvattir til að taka þátt í starfsemi Iðunnar og taka með sér gesti.

Á þessari vorönn verða dagsetningar á fundum Iðunnar, kvæðalagaæfingum og söngvökum á þessa leið:

Kvæðalagaæfingar – Gerðubergi

miðv. 6. jan. kl. 19:00
miðv. 3. feb. kl. 19:00
laug. 3. mars. kl. 19:00
miðv. 7. apr. kl. 19:00
miðv. 5. maí kl. 19:00

Fundir – Gerðubergi

föst. 8. jan. kl. 20:00
föst. 5. feb. kl. 20:00
föst. 5. mars kl. 20:00 aðalfundur
föst. 9. apr. kl. 20:00
föst. 7. maí kl. 20:00

Söngvaka – Gröndalshúsi

þriðj. 19. jan. kl. 19:00
þriðj. 16. feb. kl. 19:00
þriðj. 16. mars kl. 19:00
þriðj. 20. apr. kl. 19:00
þriðj. 18. maí kl. 19:00

Iðunnarfélagar sem fá þetta fréttablað

sent heim eru hvattir til að senda Rósu Þorsteinsdóttur
tölvupóst á netfangið rosat@hi.is.

Þeim verður þá bætt á netfangalista félagsins og fá síðan
tilkynningar um viðburði og aðrar fréttir sendar í tölvupósti.



Gleðileg
jól!



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

137. tölublað – 41. árgangur

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Desember 2020

Ábm: Bára Grímsdóttir

Jólin og „Jolotsjka“ (,lítill fura')

Frá jólum bernsku minnar í Sovétríkjunum er það að segja að þau voru engin. Jólin eru trúarhátíð, en Sovétríkin og trúin áttu ekki alltaf samleið. Því var ekki opinbert jólahald 1930–90 í Sovétríkjunum; 25. desember var óbreyttur vinnudagur – og sömuleiðis 7. janúar, en á þeim degi eru jól nú haldin hátíðleg í Rússlandi. Eflaust hélt margt trúað fólk jól með einum eða öðrum hætti á Sovéttíma, oft á laun, því trúariðkun gat verið viðsjárverð ef af henni fréttist. En ég ólst upp á heimili raunvísindamanna sem voru ekki kommúnistar en ekki heldur trúadír, því trúin samræmdist ekki þeirra sýn á aðferðafræði raunvísinda. Því voru ekki jól á mínu heimili, ekki frekar en hjá mörgum öðrum sovéskum krökkum. En þá var haldið upp á áramót. Þau áttu að koma í stað jólanna og urðu ótrúlegur sambræðingur af gömlum og nýjum áramóta- og jólahefðum. Við vorum t.d. með jólatré – sem hét vissulega áramótatré. Það hafði verið gert útlægt af yfirvöldum sem táknmynd jólanna um nokkurra ára skeið, en það var löngu fyrir mína tíð. Við skreyttum tréð og vöfðum jólaseríu um greinarnar. Ég býst við því að okkar tré hafi litið svipað út og jólatré á Vesturlöndum – nema stjarnan á toppnum var rauð fimm arma stjarna. Svo voru ávextir og annað góðgæti. Epli gátum við fengið næstum allt árið, en mandarínur fengum við bara um áramót. Það tíðkaðist ekki að setja skóinn út í glugga – hvað þá þrettán sinnum! – en oft var sett ein og ein mandarína undir tréð fyrir krakka á heimilinu í desember, jafnvel konfektmoli. Pökkunum var svo laumað undir tréð í skjóli nýársnætur, en þeir áttu að vera frá „jólaveininum“, Afa Frosta. Engin Grýla eða jólaköttur

komu nálægt áramótunum (ekki heldur Rússagrýla sem ég frétti fyrst af hér á landi). Pakkarnir voru opnaðir á nýársdagsmorgun, en á gamlárskvöld borðaði fjölskyldan saman. Það var eins konar jólahlaðborð með alls konar pylsum, fiski og matarmiklum salötum, þ. á m. hinu vinsæla Olivier-salati sem er núorðið til í þúsund útgáfum – og sem mér hefur aldrei tekist að búa til hér á landi þótt allt sem sett er í salatið sé til. Mig grunar að mest muni um léttsaltaðar gúrkur sem amma saltaði sjálf niður á hverju sumri. Og svo voru jólalög. Afsakið – áramótalög; hvergi minnst á fæðingu Krists eða nokkuð sem tengist trúnni. Fyrstu jólalögin, sem ég lærði sem barn, eru bæði um (jóna)tré og hétu því – óformlega – „Jolotsjka“ (sem merkir ‚lítill fura‘ og er óskylt orðinu jól). Mikil var undrun mín þegar ég kannaðist við annað „Jolotsjka“-lagið í íslenskri kirkju, og það ekki einu sinni heldur tvisvar: í laginu „Er jólaljósinn ljóma“ og sálmi nr. 560, „Við kveikjum einu kerti á“. Íslensku lögin komu líklega bæði til landsins í gegnum Svíþjóð. Hið fyrra samsvarar „När juldagsmorgon glimmar“, eins og Lára Bryndís Eggertsdóttir, kórstjóri Hjallakirkju, upplýsti mig um. Þar er á ferð þýðing á svissnesk-þýskri jólavísu eftir Abel Burckhardt (pr. 1845) við lagið sem er einnig þýskt en var fyrst skráð í allt öðru samhengi. August Daniel von Binzer notaði nefnilega lagið um 1819 við stúdentavísu með þjóðlegum boðskap, og ári síðar orti Hans Ferdinand Maßmann annað og þekktara kvæði, „Ich hab' mich ergeben“, við sama lag. Hins vegar er ekki fullvíst hvort lagið er eftir von Binzer sjálfan eða þýskt þjóðlag. Hitt íslenska lagið sem ég kannaðist við, „Við kveikjum einu kerti á“, samsvarar „Nu tändas tusen juleljus“, en ekki er ólíklegt að Emmy Köhler, höfundur lags og texta (1898), hafi kannast við þýska lagið – beint eða í gegnum „När juldagsmorgon glimmar“. Rússneska „Jolotsjka“-lagið, sem hér um ræðir, er svo fáeinum árum yngra en „Nu tändas tusen juleljus“. Höfundur laglínunnar, Leoníd Bekman, var af Eystrasalts-þýskum uppruna, og netverjar eru enn ósamhála um hvort laglínan er undir þýskum eða sænskum áhrifum. Textinn eftir Raísu Kúdashevu er víst allt annar – um lítið jólatré sem óx í skógi en færði síðar börnunum í bænum mikla gleði. Gleðileg jól!

Yelena Sesselja Helgadóttir

Í jólakjólnum nýja verð ég jólasæt og -fín,
með jólaenglahárið eins og Monroe Marilyn.
Og jólaskórnir ljóma eins og jólaljósinn skær
ég vildi bara óska þess, að jólin kæmu í gær.
Ragnheiður Ásta Pétursdóttir
– Lag: Díska í Dalakofanum

Fagnaðu komu þíns blíðasta bróður,
boð hans er allt sem varðar,
skærustu gleðina skenki þér góður
skapari himins og jarðar.
Sigrún Haraldsdóttir

Hylur snærin hliðarvanga,
húmið færast nær.
Æsist blærinn – urð og dranga
úfínn særinn þvær.

Meðan skjólin minnka um sveitir
myrkrið sólu fól.
Himnasjóli heilög veitir
heims um bólið jól.

Þó jólaskrautið bliki hjarta
og bjóðist allskyns skróð.
Innsta gleði í okkar hjarta
er aldrei keypt í búð.
Jói í Stapa

Úr föstum skorðum flest nú þeytist,
fátt er á að stóla,
eitt er þó sem ekki breytist,
afturkoma jóla.

Sigrún Haraldsdóttir

Lesist boða og banna texti
birtu finn og myrkrið vinn.
Seríum, með veldisvexti,
vef og spinn um ranninn minn

Netið brúka en búðarápi
banda frá mér enn um sinn.
Feikn ég baka í fjöri og tápi,
frystinn hleð og ísskápinn.

Veiruskrattinn víða fer
vá því má ei gleyma.
Svo er dimmur desember,
... dundum okkur heima.
Helgi Zimsen

Nú mædd er í mega krýsu
og minni á freðna ýsu,
ég er síðasta sort
því seint get ég ort
sæmandi jólavísu.

Sigrún Haraldsdóttir

Þó byrgist sól og bregðist skjól
og blökk sé njóla um sveitir.
Himnasjóli heims um ból
heilög jólin veitir.

Jói í Stapa